

1938 nr. 16 13. janúar**Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt¹⁾**

¹⁾ L. 16/1938 eru úr gildi fallin, sbr. 33. gr. laga 25/1975, nema að því er varðar afkynjanir.

■ **1. gr.** Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem löggin að öðru leyti setja.

□ Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisáðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

■ **2. gr.** Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrenns konar:

1. Afkynjanir: Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.

2. Vananir: Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitid sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnadarfæra.

3. Fóstureyðingar (sbr. 5. tölul. 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

■ **3. gr.** Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

□ Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum, og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari tölulíði þessarar greinar.

2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefur verið sviptur sjálfræði.

3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. gr., ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.

4. [Frá lögreglustjóra ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka.]¹⁾

□ Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn lækis, er hefur kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

¹⁾ L. 19/1991, 195. gr.

■ **4. gr.** Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafist þess, að viðkomandi sé á varnarþingi hans af [sýslumanni]¹⁾ skipaður tilsjónarmaður. Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefur sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

¹⁾ L. 92/1991, 21. gr.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af

nefndarmönnum skal einn vera læknir, helst sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helst í dómaraströðu.

□ Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. Afkynjun skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.

2. Vönun skal því aðeins leyfa:

a. Að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávítaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarendi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

b. Að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.

3. Fóstureyðingu skal því aðeins leyfa:

a. Að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim eða öðrum ástæðum, er um getur í tölul. 2. a.

b. Að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

□ Dómsmálaráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

■ **6. gr.** Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

□ Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

■ **7. gr.** Öllum öðrum en læknum eru óheimil aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins er þær heimilær læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

□ Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefur á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávítaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil aðgerð samkvæmt 1. tölul. 5. gr. gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefur verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölul. 3. gr.).

□ Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýrtruðu kröfum lækisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjólast heill.

□ Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt

lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

■ **8. gr.** Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju

um.

■ **9. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, ...¹⁾ nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 116/1990, 21. gr.

ELDRRI ÚTGÁFA